

SÁLF3ÞS05


Verkmenntaskóli Austurlands

Haustönn 2024

Nafn nemanda*

Móðurmál lykill að málþroska

Um tvítyngi og hvernig það hefur áhrif á málþroska barna.



*birt með leyfi nemandans

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
1.1 Tilgangur rannsóknarinnar.....	2
1.2 Uppbygging ritgerðar	3
2. Fræðilegur kafli	3
2.1 Skilgreining á tvítyngi	3
2.2 Tvítyngi hjá börnum	4
2.3 Félagslegur og málfræðilegur þroski.....	4
2.4 Fyrri rannsóknir á tvítyngi.....	5
3. Aðferð.....	5
3.1 Eigindleg rannsóknaraðferð.....	5
3.2 Framkvæmd rannsókna	6
3.3 Viðmælendur og upplýst samþykki	6
4. Niðurstöður.....	7
5. Umræður.....	7
5.1 Helstu niðurstöður	7
5.2 Kostir og gallar rannsóknarinnar	8
6. Lokaorð	9
Heimildaskrá:	10

1. Inngangur

Rannsókn þessi fjallar um tvítyngi og áhrif þess á málþroska barna á Íslandi. Tvítyngi er orðið algengara í íslensku samfélagi, þar sem fjölskyldur með ólíkan menningarbakgrunn og tungumál eru nú hluti af daglegu lífi. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig tvítyngi hefur áhrif á málþroska barna og hvaða áskoranir fylgja því að ala upp tvítyngd börn í íslensku samfélagi.

Tvítyngi getur haft fjölbreytt áhrif á málþroska barna. Sum börn læra tungumálin með auðveldum hætti og njóta góðs af því að vaxa upp í tvítyngdu umhverfi, á meðan önnur börn geta átt í erfiðleikum með að þróa jafngóða færni í báðum tungumálunum. Áhrif tvítyngis á málþroska eru háð mörgum þáttum, svo sem aldri barnsins þegar það byrjar að læra tungumálin, stuðningi sem það fær bæði í fjölskyldu og skóla, og hvernig félagsleg samskipti þessara barna þróast. Þessir þættir geta bæði auðveldað eða flækt tungumálanám barna (Sigríður Ólafsdóttir, 2020).

Íslenskt samfélag stendur nú frammi fyrir áskorunum varðandi skóla- og stuðningskerfi fyrir tvítyngd börn, þar sem börn þurfa að þróa hæfni í íslensku en halda um leið við móðurmálið. Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að nemendur með annað móðurmál en íslensku læri íslensku sem annað tungumál þar sem námsmarkmiðin eru að nemandi geti notað íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu máli og skilji aðra. Í því skyni hefur verið gefið út námsefni sem miðast við nemendur sem eru læsir á sitt móðurmál. (Jóhanna Kristjánsdóttir, 2014).

Rannsókn þessi leitar svara við því hvernig tvítyngi hefur áhrif á málþroska og hvort íslenska samfélagið veitir tvítyngdum börnum nægjanlegan stuðning í því ferli að tileinka sér tungumál.

1.1 Tilgangur rannsóknarinnar

Tilgangur þessarar rannsóknar er að skoða hvernig tvítyngi hefur áhrif á málþroska barna á Íslandi. Rannsóknin mun kanna hvernig börn sem læra tvö tungumál þróa tungumálafærni sína og hvaða áskoranir þau og foreldrar þeirra standa frammi fyrir. Einnig verður skoðað hvaða stuðningur þau fá í íslensku samfélagi og hvort skólakerfið sé að hjálpa þeim nægilega vel.

Rannsóknarspurningin er: *Hvernig hefur tvítyngi áhrif á málþroska barna á Íslandi og hvaða áskoranir fylgja því að ala upp tvítyngd börn?* Markmiðið er að skilja betur hvernig tvítyngi hefur áhrif á málþroska barna og hvaða hlutverk samfélagið og skólar leika í þessu ferli.

1.2 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin er sett upp í sjö köflum. Fyrsti kaflinn er inngangur þar sem rannsóknarspurningin er kynnt og tilgangur rannsóknarinnar útskýrður. Kaflí 2 fjallar um fræðilega þætti tvítyngis og málþroska, þar sem hugtakið tvítyngi er útskýrt og fyrri rannsóknir eru skoðaðar til að varpa ljósi á áhrif tvítyngis á börn. Í kafla 3 er aðferðafræði rannsóknarinnar kynnt, þar sem fjallað er um eiginlegar rannsóknaraðferðir, framkvæmd viðtalanna og upplýst samþykki þátttakenda. Kaflí 4 kynnir niðurstöður rannsóknarinnar með áherslu á helstu niðurstöður og hvernig þátttakendur upplifðu tvítyngi. Í kafla 5 eru niðurstöðurnar ræddar, ásamt því að leggja mat á kosti og galla rannsóknarinnar. Að lokum er kaflí 6, lokaorð, þar sem helstu niðurstöður eru teknar saman og rannsóknarspurningunni er svarað.

2. Fræðilegur kaflí

2.1 Skilgreining á tvítyngi

Tvítyngi er hugtak sem lýsir hæfni einstaklings til að nota tvö tungumál á mismunandi stigi. Þegar einstaklingar hafa náð tiltekinni færni í öðru tungumáli en móðurmáli sínu, hvort sem það er sjálfviljugt eða vegna nauðsynjar, er talað um að þeir séu tvítyngdir. Þetta getur átt við um þá sem alast upp við tvö tungumál eða hafa jafnt vald á þeim. Í íslensku er orðið „tvítyngi“ sambærilegt við enska orðið bilingual sem á uppruna sinn í latínu (Steingrímur Þórðarson, e.d.).

Nútíma skilgreiningar á tvítyngi leggja áherslu á bæði notkun og færni í tungumálum. Margir fræðimenn greina á milli þess hvernig einstaklingar nota tungumálin í mismunandi aðstæðum og hvaða færni þeir hafa til að nota tungumálin í daglegu lífi. Sumir einstaklingar geta notað bæði tungumálin jafn mikið, á meðan aðrir nota annað tungumálið meira í tilteknum aðstæðum, til dæmis á heimilinu eða í vinnu (Sigríður Ólafsdóttir, 2020).

Þegar fjallað er um tvítyngi hjá samfélögum er einnig mikilvægt að hafa í huga menningarlega og félagslega þætti, þar sem mörg samfélög eru fjöltyngd og hafa þróað kerfi þar sem ólíkar tungumála- og menningarhefðir mætast. Á Íslandi hefur tvítyngi aukist á síðustu árum vegna fjölgunar innflytjenda og þess að fleiri tungumál eru nú hluti af daglegu lífi barna í íslenskum skólum (Steingrímur Þórðarson, e.d.).

2.2 Tvítyngi hjá börnum

Tvítyngi hjá börnum getur þróast á mismunandi hátt, allt eftir því hvort þau læra bæði tungumálin samtímis frá fæðingu eða tileinka sér annað tungumálið síðar. Börn sem alast upp við tvö tungumál frá unga aldri geta haft forskot á eintyngd börn hvað varðar hljóðkerfisvitund, þar sem þau heyra og læra hljóð úr báðum tungumálum (Sigríður Ólafsdóttir, 2020).

Þegar börn læra tungumál bæði á heimili og í skóla, þróa þau oft orðaforða sem skiptist á milli þessara tveggja sviða. Þau læra orð sem tengjast fjölskyldulífi á móðurmáli sínu en orð tengd skólasamfélaginu á því máli sem notað er í skólanum. Þessi skipting getur leitt til hægari orðaforðaþróunar í hvoru máli fyrir sig samanborið við eintyngd börn, en með réttri málörvun getur tvítyngi verið mikill ávinningur fyrir málþroska barna (Steingrímur Þórðarson, e.d.).

Tvítyngd börn þurfa góðan stuðning bæði í móðurmálinu og tungumáli skólasamfélagsins til að efla orðaforða sinn og málfærni. Að veita börnum markvissan stuðning í báðum tungumálum er lykillinn að því að þau nái góðum tókum á tungumálum sínum og þrói lesfimi í báðum málum (Sigríður Ólafsdóttir, 2020).

2.3 Félagslegur og málfræðilegur þroski

Félagslegur og málfræðilegur þroski tvítyngdra barna byggist á því hvernig þau nota tungumálin sín og hvernig þau eru útsett fyrir málörvun í báðum málum. Börn sem læra tvö tungumál fá tækifæri til að þróa félagslega hæfni sína og mynda tengsl við ólíka hópa. Rannsóknir sýna að tvítyngi stuðlar að betri félagslegri aðlögun, þar sem börn geta átt auðveldara með samskipti í ólíkum menningarheimum (Morina, 2021).

Málfræðilegur þroski tvítyngdra barna þróast með markvissri málörvun. Börn sem fá stuðning í móðurmáli sínu eru betur í stakk búin til að tileinka sér annað tungumál og þróa sterkari málfærni. Góð undirstaða í móðurmáli er grundvöllur betra læsist og námsárangurs. Ef börn fá nægan stuðning í báðum tungumálum sínum er líklegra að þau nái betri árangri í námi og þrói dýpri skilning á tungumálinu og lestri (Morina, 2021; Steingrímur Þórðarson, e.d.).

Félagslegur þáttur tvítyngis kemur einnig fram í því hvernig börn tengjast jafningjum sínum. Börn sem geta notað tvö tungumál til að eiga í samskiptum við ólíka hópa hafa oft forskot í félagslegum tengslum, en þetta krefst stöðugs stuðnings frá foreldrum, kennurum og samfélaginu í heild (Steingrímur Þórðarson, e.d.).

2.4 Fyrri rannsóknir á tvítyngi

Rannsóknir á tvítyngdum börnum á Íslandi benda til þess að tvítyngd börn þurfi stuðning í báðum tungumálum til að hámarka málþroska og orðaforðapróun. Í rannsókn Figlarska, Oddsdóttir, Lefever og Ragnarsdóttir, þar sem athugaður var pólskur og íslenskur orðaforði tvítyngdra leikskólabarna, kom í ljós að börnin höfðu almennt sterkari stöðu í pólsku en íslensku. Orðaforði þeirra á íslensku var lakari en hjá eintyngdum íslenskum börnum. Rannsóknin benti einnig á að gott málumhverfi bæði heima og í leikskóla er nauðsynlegt til að tvítyngd börn nái góðum tókum á báðum tungumálum (Figlarska o.fl., 2017).

Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Iris Edda Nowenstein bentu á í rannsókn sinni á íslenskukunnáttu tvítyngdra barna að börn sem læra íslensku sem annað mál skorðu almennt lægra á málþroskaprófum en eintyngd börn. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að tvítyngd börn fái kerfisbundinn stuðning í báðum tungumálum, þar sem móðurmál er lykill að því að styrkja málþroska og orðaforða í seinna tungumálinu (Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2021).

Birna Arnbjörnsdóttir leggur áherslu á mikilvægi þess að tvítyngd börn fái stuðning við bæði móðurmál og íslensku til að ná árangri í námi. Hún bendir á að tvítyngi getur stuðlað að aukinni vitsmunafærni og betri málfærni, en að ef börn fá ekki nægilegan stuðning í móðurmáli sínu gæti það haft neikvæð áhrif á málþroska og námsárangur í báðum tungumálum (Birna Arnbjörnsdóttir, 2000).

3. Aðferð

3.1 Eigindleg rannsóknaraðferð

Þær aðferðir sem félagsvísindamenn nota skiptast niður í eigindlegar rannsóknaraðferðir og meginlegar. Meginleg aðferðafræði er notuð til að gefa upplýsingar um fjölda, algengi, hlutfall og samband svo eitthvað sé nefnt (Ragnheiður Harpa Arnardóttir, 2013). Hér er hinsvegar notast við eigindlegar aðferðir, eins og djúpvíðtöl, byggjast á því að skilja hvernig einstaklingar upplifa og túlka veruleika sinn. Slíkar rannsóknir einblína á að safna gögnum um merkingu og samhengi aðstæðna út frá sjónarhóli þátttakenda (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Markmiðið er ekki að mæla eða magnbinda gögn heldur að draga fram þemu sem lýsa reynslu fólks. Djúpvíðtöl og þátttökuathuganir eru dæmi um algengar eigindlegar

rannsóknaraðferðir, þar sem áherslan er á einstaklingsbundna túlkun frekar en almennar tölfræðilegar niðurstöður (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

3.2 Framkvæmd rannsókna

Rannsóknin var unnin með því að taka hálfopin viðtöl við foreldra og kennara tvítyngdra barna á skólaaldri.

Þátttakendur voru valdir þannig að þeir höfðu reynslu af því að ala upp eða kenna tvítyngdum börnum á aldrinum 7 til 10 ára. Fimm foreldrar og þrír kennarar tóku þátt í rannsókninni. Þetta tryggði að fengin voru mismunandi sjónarhorn á tvítyngi og málþroska barna.

Viðtöl fóru fram á heimilum þátttakenda eða í skólastofum, þar sem var næði og ró. Hálfopin viðtöl voru notuð, þar sem ákveðnar grunnspurningar voru lagðar fyrir alla, en einnig gafst svigrúm til að kanna nánar það sem þátttakendur vildu ræða um. Spurningarnar snerust um upplifun þeirra af tvítyngi, áhrif á börnin, og hvaða áskoranir og tækifæri þeir sáu í málþroska.

Viðtölin voru tekin upp með samþykki þátttakenda og síðan afrituð orðrétt. Þetta tryggði að ekkert tapaðist í samtalinu og gerði greiningu gagna auðveldari.

Þemagreining var notuð til að greina viðtölin. Þessi aðferð hjálpaði til við að greina algeng mynstur í upplifun þátttakenda af tvítyngi, áskorunum og tækifærum.

3.3 Viðmælendur og upplýst samþykki

Þátttakendur í rannsókninni voru fimm foreldrar og þrír kennarar sem höfðu reynslu af því að vinna með eða ala upp tvítyngd börn á aldrinum 7 til 10 ára. Allir þátttakendur voru á aldrinum 30 til 50 ára, bæði karlar og konur, og valdir út frá fjölbreyttum bakgrunni.

Þátttakendur fengu útskýringu á tilgangi rannsóknarinnar og hvernig gögnin yrðu notuð. Þeir voru upplýstir um að öll gögn yrðu meðhöndluð trúnaðarmál, að nafnleynd væri tryggð og að þeir gætu hætt þátttöku hvenær sem er. Samþykki var fengið munnlega áður en viðtölin hófust.

4. Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að tvítyngi hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif á börn.

Foreldrar og kennarar voru almennt sammála um að tvítyngi geti hjálpað til við málþroska og að börn sem alast upp við tvö tungumál hafi oft betri tungumálakunnáttu og meiri sveigjanleika í hugsun.

Hins vegar komu fram ákveðnar áskoranir sem fylgja tvítyngi. Sumir foreldrar og kennarar nefndu að tvítyngd börn eiga stundum í erfiðleikum með að læra bæði tungumálin jafn vel. Einnig töldu margir að það skipti miklu máli að börnin fái nægan stuðning, bæði heima og í skólanum, til að þau nái góðum tókum á báðum tungumálum.

Viðtölin sýndu að flestir þátttakendur töldu tvítyngi vera mikinn kost fyrir börn. Foreldrar sögðu að börnin þeirra næðu oft góðum tókum á báðum tungumálum, sérstaklega ef þau fá tækifæri til að nota bæði tungumálin reglulega. Sumir kennarar töldu að tvítyngi gæfi börnum aukinn menningarlegan skilning og tækifæri til að tengjast breiðari hópi fólks.

Á hinn bóginn kom í ljós að það er mikilvægur þáttur í því að börnin fái réttan stuðning, sérstaklega í skólanum. Bæði kennarar og foreldrar bentu á að ef barn fær ekki nægan stuðning á öðru hvoru tungumálinu, gæti það haft neikvæð áhrif á málþroska. Sumir kennarar nefndu að tvítyngd börn eiga stundum erfitt með að fylgja námsefni sem er alfarið á íslensku, sérstaklega ef þau fá ekki aðstoð við að bæta íslenskukunnáttu sína..

Á heildina litið benda niðurstöðurnar til þess að þótt tvítyngi hafi ákveðnar áskoranir þá telja þátttakendur að kostir tvítyngis vegi þyngra. Þeir telja að tvítyngi geti hjálpað börnum að takast betur á við félagsleg samskipti og að það gefi þeim fleiri tækifæri í framtíðinni.

5.Umræður

5.1 Helstu niðurstöður

Rannsóknin leiddi í ljós að tvítyngi hefur bæði jákvæðar og áskorandi hliðar á málþroska barna. Foreldrar og kennarar voru almennt sammála um að tvítyngi geti styrkt málfærni barna, sérstaklega ef börnum er veittur stuðningur við að nota bæði móðurmál sitt og annað tungumál. Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir sem hafa sýnt að tvítyngd börn hafa oft góðan málþroska og betri samskiptahæfni.

Hins vegar kom í ljós að skortur á stuðningi, sérstaklega í skólaumhverfi, getur valdið því að tvítyngd börn eiga erfiðara með að fylgja námsefni. Sumir kennarar sögðu að það væri mikilvægt að íslenskukennsla fyrir þessi börn væri betur sniðin að þörfum þeirra.

Niðurstöðurnar benda því til þess að áskoranir tvítyngis séu tengdar því hvort börnin fái nægan stuðning á báðum tungumálum.

5.2 Kostir og gallar rannsóknarinnar

Rannsóknin hafði ýmsa kosti, meðal annars þann sveigjanleika sem eigindleg viðtöl veita. Þessi aðferð gerði það kleift að fá innsýn í upplifanir þátttakenda, sem veitti betri skilning á því hvernig tvítyngi hefur áhrif á börn og fjölskyldur þeirra. Sveigjanleikinn gerði einnig kleift að kafa dýpra í einstök atriði sem þátttakendum fannst mikilvæg.

Aftur á móti voru nokkrir gallar við rannsóknina. Með aðeins átta þátttakendum var fjöldinn takmarkaður, sem gerir það erfitt að alhæfa niðurstöðurnar yfir á stærri hóp. Það hefði verið gagnlegt að hafa fleiri þátttakendur til að fá fjölbreyttari sjónarhorn. Annað mál var að upplýsingar voru eingöngu teknar frá foreldrum og kennurum, en ekki frá börnunum sjálfum. Það hefði getað gefið dýpri innsýn að fá sjónarmið barna og heyra frá þeim hvernig þau upplifa tvítyngi.

Í ljósi þessara atriða væri áhugavert að rannsaka tvítyngi nánar með fjölbreyttari hópi þátttakenda og hugsanlega með fleiri aðferðum til að fá víðtækari skilning á áhrifum tvítyngis á börn í íslensku samfélagi.

6. Lokaorð

Rannsóknin hefur sýnt að tvítyngi hefur bæði jákvæð áhrif og ákveðnar áskoranir á málþroska barna á Íslandi. Helstu niðurstöður benda til þess að tvítyngi geti aukið tungumálakunnáttu barna og sveigjanleika í hugsun barna, sérstaklega ef þau fá stuðning bæði heima og í skólanum. Foreldrar og kennarar voru almennt sammála um að tvítyngi sé dýrmæt úrræði fyrir börn vegna þess að það veitir meiri menningarþekkingu og betri samskiptahæfni.

Hins vegar hefur komið í ljós að skortur á stuðningi getur hamlað málþroska og námsárangri tvítyngdra barna, sérstaklega ef þau fá ekki nægan stuðning í íslensku. Sum börn áttu erfitt með að fylgja námsefni á íslensku ef stuðningurinn er ekki nægur, og kennarar lögðu áherslu á mikilvægi þess að námsumhverfi barna með hliðsjón af fjöltyngi.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna því að tvítyngi getur bæði eflt málþroska og skapað áskoranir. Rannsóknarspurningin „Hvernig hefur tvítyngi áhrif á málþroska barna á Íslandi og hvaða áskoranir fylgja því að ala upp tvítyngd börn?“ hefur fengið svar. Tvítyngi getur haft jákvæð áhrif á málþroska ef stuðningur er til staðar, en einnig fylgja líka áskoranir, sérstaklega ef stuðningurinn er ófullnægjandi.

Íslenskt samfélag getur því haft mikil áhrif á það hvort tvítyngd börn nái að nýta sér kostina við tvítyngi. Með öflugri stuðningi og viðeigandi aðlögun að skólastarfi geta tvítyngd börn blómstrað og nýtt tungumálahæfni sína til fulls.

Heimildaskrá:

- Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði íslenskra leikskólabarna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*, 1–22. Sótt af https://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/007.pdf
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2000). *Menntun tvítýngdra barna*.
https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/972/Malfregnir_19_Birna_Arnbjornsdottir_Menntun_tvityngdra_barna.pdf?sequence=1
- Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Iris Edda Nowenstein. (2021). Íslenskukunnátta tvítýngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/08.pdf>
- Jóhanna Kristjánsdóttir. (2014). Kæra dagbók 2. Námsgagnastofnun.
- Jón Gunnar Bernburg. (2005). Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?. *Vísindavefurinn*. Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5420>
- Ragnheiður Harpa Arnardóttir. (2013). Meginlegar rannsóknir: Gerð rannsóknaráætlunar og yfirlit yfir helstu rannsóknarsnið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 377–392). Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Ólafsdóttir. (2020). Læsi og tvítýngi. *Menntamálastofnun*. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/laesi_tvityngi_2020.pdf
- Steingrímur Þórðarson. (e.d.). Tvítýngi. *Málsgreinar*. Sótt af <https://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=401>
- Ulpiana Morina. (2021). *Tvítýngi og læsi. Mikilvægi móðurmáls fyrir læsi tvítýngdra barna*. [bakkalár, Háskóli Íslands].
<https://skemman.is/bitstream/1946/39747/4/Tv%C3%ADtyngi%20og%20l%C3%A6si.pdf>